

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/1262****2019/EES/44/14****frá 20. september 2018**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-metýlsýklóprópen, betasýflútrín, klóróþalóníl, klórótólúróon, klómasón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, dímetenamíð-p, díúrón, flúdíoxóníl, flúfenaset, flúrtamón, fosfíaset, indoxakarb, MCPA, MCPB, prósulfókarb, þíofanatmetýl og tríbenúrón (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(2)</sup> eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin 1-metýlsýklóprópen, betasýflútrín, klóróþalóníl, klórótólúróon, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, dímetenamíð-p, flúfenaset, flúrtamón, fosfíaset, indoxakarb, MCPA, MCPB, þíofanatmetýl og tríbenúrón voru síðast framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1511 <sup>(3)</sup>. Samþykkistímabilin fyrir þessi efni renna út 31. október 2018.
- 3) Samþykki fyrir virka efninu díúróni rennur út 30. september 2018.
- 4) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin klómasón, flúdíoxóníl og prósulfókarb renna út 31. október 2018.
- 5) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum efnum voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 <sup>(4)</sup>.
- 6) Þar eð mat á þessum efnum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.
- 7) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistöku eina fljótt og unnt er.
- 8) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð samþykki fyrir virka efninu díúróni rennur út 30. september 2018.
- 9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 62. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1511 frá 30. ágúst 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-metýlsýklóprópen, betasýflútrín, klóróþalóníl, klórótólúróon, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, dímetenamíð-p, flúfenaset, flúrtamón, forklórferenúrón, fosfíaset, indoxakarb, ípródíon, MCPA, MCPB, silþíofam, þíofanatmetýl og tríbenúrón (Stjtið. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 115).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. september 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 40, deltametrín, komi „31. október 2019“.
  - 2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 48, betasýflútrín, komi „31. október 2019“.
  - 3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 64, flúrtamón, komi „31. október 2019“.
  - 4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 65, flúfenaset, komi „31. október 2019“.
  - 5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 67, dímetenamíð-p, komi „31. október 2019“.
  - 6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 69, fosfíasat, komi „31. október 2019“.
  - 7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 101, klórópalóníl, komi „31. október 2019“.
  - 8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 102, klórótólúrón, komi „31. október 2019“.
  - 9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 103, sýpermetrín, komi „31. október 2019“.
  - 10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 104, damínósíð, komi „31. október 2019“.
  - 11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 105, þíófanatmetýl, komi 31. október 2019.
  - 12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 106, tríbenúrón, komi „31. október 2019“.
  - 13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 107, MCPA, komi „31. október 2019“.
  - 14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 108, MCPB, komi „31. október 2019“.
  - 15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 117, 1-metýlsýklóprópen, komi „31. október 2019“.
  - 16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 119, indoxakarb, komi „31. október 2019“.
  - 17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 160, prósúlfókarb, komi „31. október 2019“.
  - 18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 161, flúdíoxóníl, komi „31. október 2019“.
  - 19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 162, klómasón, komi „31. október 2019“.
  - 20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 192, díúrón, komi „30. september 2019“.
-